

Báðir aðiljar hafa stutt réttarkröfur sínar með staðhæfingu um, að hagsmunir hvors um sig séu svo miklu meiri en hins, að úrslit málsins beri að láta velta á þeim.

Eftir kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gekk því fógeti á staðinn að flutningi málsins loknum til að reyna að gera sér þess nokkra grein, en þar sem staðhæfingar þessar eru næsta litið rökstuddar, þykir ekki vera hægt að taka afstöðu til þessa atriðs.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, virðist hafa komið fram nokkur sönnun með framburði vitnanna Valgeirs Björnssonar og Ólafs Þorgrímssonar fyrir því, að það hafi verið ákvörðunarástæða af hálfu Reykjavíkurbæjar, er lóðin nr. 56 við Hringbraut var leigð Strætisvögnum Reykjavíkur h/f, að hún yrði notuð til rekstrar strætisvagna og stærð hennar ákveðin í samræmi við það. Sbr. einnig rskj. nr. 11 og nr. 12, sem ekki hefur verið sérstaklega mót-mælt, og með tilliti til þess, að orð 2. gr. leigusamningsins á rskj. nr. 2 þykja nánast benda í sömu átt, bókstaflega skilin, og nefnd grein verður alls ekki talin ósamrýmanleg ákvæði 7. gr. um heimild leigutaka til sölu o. s. frv., þykir réttur gerðarbeiðanda til hinnar umdeildu lóðarspildu ekki svo glöggur, að fært sé með beinni fógeta-gerð að fjarlægja hús gerðarþola af lóðinni.

Niðurstaða málsins verður því sú, að synja beri um framgang hinnar umbeðnu gerðar. En eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 11. desember 1946.

Nr. 111/1946: **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Guðna Ásgrímssyni (Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Kærði var á dansskemmtun, er hófst á tíunda tímanum að kvöldi hins 13. október f. á. og lauk um kl. 2.30 eftir

miðnætti. Drakk hann þar hálfflösku af brennivíni, og hafði hann lokið þeirri drykkju um kl. eitt eftir miðnætti. Eftir þann tíma kveðst hann ekki hafa neytt áfengis. Af þessari neyzlu áfengis fann kærði á sér að eigin sögn fram til kl. 2 til 2.30 um nóttina. Þykir því mega ætla, að hann hafi af þeim sökum verið svo miður sín, er hann nokkru fyrir klukkan 3.30 hina sömu nótt hóf akstur bifreiðar, að bifreiðarstjórn hans í því ástandi varði við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941.

Refsing kærða þykir hæfilega'ákveðin 800 króna sekt í ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann ökuleyfi 3 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Kærði, Guðni Ásgrímsson, greiði í ríkissjóð 800 króna sekt, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er og sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og í hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Gunnars Þorsteinssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. desember 1945.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Ásgrímssyni bifreiðarstjóra í Kalastaðakoti í Hvalfjarðarstrandarhreppi fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 frá 1941 og áfengislögum nr. 33 frá 1935.

Tildrög málsins eru þau, að aðfaranótt 14. okt. s. l. kl. 3,30 var löggæzlumaður Björn Bl. Jónsson á eftirlitsferð í Hvalfirði. Hitti

hann þá á þjóðveginum milli Ferstiklu og Hrafnabjarga fólksflutningsbifreiðina RN 1011, er kærði keyrði. Stöðvaði hann bifreiðina og athugaði bifreiðarstjóran. Telur hann, að þegar hafi komið í ljós, að hann hafi neytt áfengis, því að af honum var áfengislykt, og auk þess var hann eigi skýr í máli og frekar daufgerður og óstyrkur. Viðurkenndi og kærði fyrir löggæzlumanninum að hafa neytt áfengis um kvöldið. Tók löggæzlumaðurinn kærða með til Reykjavíkur og lét þar lækni taka sýnishorn af blóði hans. Var blóðsýnishorn þetta afhent Jóhanni Sæmundssyni lækni í Reykjavík til rannsóknar, og vottaði hann, að áfengismagn þess væri 0,13%.

Kærði hefur viðurkennt, að hann hafi neytt áfengis, nokkru áður en löggæzlumaðurinn stöðvaði hann við akstur aðfaranótt 14. okt. s. l. Skýrir hann svo frá, að laugardagskvöldið 13. s. m. hafi verið haldinn dansleikur í oliustöðinni í Hvalfirði, þar sem hann vinnur. Fékk hann að sækja fólk út á Hvalfjarðarströndina á dansleikinn á bifreiðinni R.N. 1011, er tilheyrir oliustöðinni. Jafnframt átti hann að skila fólkinu heim aftur að lokinni dansskemmtuninni. Kveðst hann hafa átt, er skemmtunin byrjaði kl. 22, háflösku af brennivíni og hafa drukkið úr henni á skemmtuninni, en eigi smakk að neitt áfengi hjá öðrum. Úr flöskunni kveðst hann hafa verið búinn kl. um 1 um nóttina, og ekkert drukkið eftir það. Hann kveðst hafa fundið, að hann var undir áhrifum áfengis á skemmtuninni, en mjög hafi verið runnið af sér, er hann keyrði af stað með fólkið, eftir að skemmtuninni lauk.

Rétturinn verður að líta svo á, að það sé sannað og viðurkennt af kærða, að hann hafi neytt áfengis, er hann fékkst við bifreiðarakstur. Hins vegar verður eigi talið sannað, að hann hafi keyrt bifreið ölvaður.

Kærði, sem er fæddur $2\frac{1}{2}$ 1918, hefur eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Með atferli sínu hefur kærði brotið 23. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800 kr. sekt í rikissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd. Þá ber að svipta hann rétti til að stýra bifreið 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærða til að greiða allan sakarkostnaðinn. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Guðni Ásgrímsson bifreiðarstjóri í Kalastaðakoti í Hvalfjarðarstrandarhreppi, greiði 800 — átta hundruð — króna sekt í rikissjóð, og komi 8 — átta — daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur rétti til að stýra bifreið 3 — þrjá — mánuði frá birtingu dóms þessa.
Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. desember 1946.

Nr. 41/1946. **Matthildur Halldórsdóttir og Kjartan Jakobsson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Hermann Jónasson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Gerir aðaláfrýjandi Matthildur Halldórsdóttir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni 100000.00 krónur eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi 11. desember 1944 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Aðaláfrýjandi Kjartan Jakobsson krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50000 krónur eða aðra lægri fjárhæð samkvæmt mati dómsins ásamt 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m., krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar að mati hæstaréttar. Svo krefst hann þess, að málskostnaður í héraði falli niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati hæstaréttar.